

Garðabær, 24.04.2020

Efni bréfs: Beiðni um breytingu á skipulagi akstursgötu við Miðskóga, Álftanesi.

Til þess er málið varðar

Tilgangur þessa bréfs er að óska eftir því að neðangreind beiðni íbúa Miðskóga, Álftanesi um breytt skipulag á akstursgötu við Miðskóga verði tekin til formlegrar meðferðar og framkvæmdar hjá bæjaryfirvöldum í Garðabæ og þess jafnframt óskað að brugðist verði hratt við.

Við Miðskóga eru 23 íbúahús, allt einbýli en nokkur tvískipt. Íbúasamsetning hefur breyst hratt á undanförnum fimm árum, þar sem mikil endurnýjun hefur átt sér stað í götunni með aukningu barnafjölskyldna. Gera má ráð fyrir að sú endurnýjun muni halda áfram. Um og yfir 20 börn undir tíu ára aldri eru með fasta búsetu í Miðskógum og töluverður hluti þeirra er undir fimm ára aldri. Þá sækja þangað sömuleiðis fleiri börn reglulega, enda leikvöllur, fjara og falleg opin svæði í og við götuna.

Þessi samsetning fer ekki vel með þeirri umferð sem fer um götuna og er það mat þeirra íbúa sem búið hafa í henni um langt skeið að umferð hafi aukist töluvert á undanförnum árum.

Sambýli er í götunni sem eykur á umferð en svo virðist að auki sem fólk sækir í keyra inn og út úr götunni í sunnudagsbíltúrum enda býður gatan vel upp á slíka rúnta, verandi tvíbreið og að auki aðlaðandi, staðsett við sjóinn.

Í ljósi þeirrar miklu hættu sem skapast fyrir börn sem búa í götunni og þau sem í götuna sækja, þá er orðið ákaflega brýnt að bregðast við og breyta skipulagi hennar sem allra fyrst.

Slys geta orðið alvarleg, enda er aksturshraði bifreiða oft töluverður. Blindhorn eru í götunni og börn ekki óhult þegar þau ganga yfir hana.

Gatan virðist að auki aldrei formlega hafa verið kláruð. Gangstéttar hafa skyndilegan endapunkt og ekki virðist vera hugsað út í það hvernig börn eiga að komast af gangstétt yfir á leikvöll án þess að leggja sig í hættu.

Brýnt er að bæjaryfirvöld taki málið hratt og vel til meðferðar og eru íbúar reiðubúnir til hverskonar samstarfs við yfirvöld í þeim efnum enda ekkert dýrmætara í samfélaginu en börnin.

Íbúar eru til í að leita skapandi lausna í þessu máli og samstarfs, enda ljóst að það er flókið verk að skipuleggja götu sem þessa með tilliti til íbúasamsetningar, öryggis og annarra grundvallarþátta eins og snjómoksturs.

Íbúar leggja eftirfarandi tillögur til, eru með hugmyndir að útfærslu á þeim og reiðubúnir til samtals við sérfræðinga bæjaryfirvalda í þessum efnum:

Í fyrsta lagi er lagt til að íbúagatan verði skilgreind sem vistgata. Hún hefur alla burði til þess, hér er þjónustueining á vegum yfirvalda, leikvöllur og umferð barna. Í öðru lagi er óskað eftir því að þrengingar verði gerðar á götunni í samráði við íbúa. Í þriðja lagi væri æskilegt að koma á hraðahindrun til þess að styrkja og styðja við ofangreind mál.

Með von um jákvæð og skjót viðbrögð og óskum um gott og gjöfult samstarf í þessu brýna máli.

Virðingarfyllst,

Herdís Sólborg Haraldsdóttir, fyrir hönd íbúa Miðskóga, Álftanesi.

Sími: 662-5039